

**Ed.**

**548. Breytingartillögur**

**[180. mál]**

við frv. til 1. um Seðlabanka Íslands.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

1. Við 15. gr. 1. másl. orðist svo:  
Seðlabankinn má kaupa og selja rikisskuldabréf og önnur trygg verðbréf, og skal hann vinna að því, að á komist skipuleg verðbréfavíðskipti.
2. Við 19. gr. 1. másl. orðist svo:  
Rétt til að verzla með erlendan gjaldeyri hafa auk Seðlabankans Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands.
3. Við 24. gr. Í stað orðsins „bankastjórnar“ í niðurlagi gr. komi: framkvæmdastjórnar.
4. Við 25. gr. Í stað orðanna „Bankastjórn Seðlabankans“ og „Bankastjórnin“ í 1. mgr. komi: Framkvæmdastjórn Seðlabankans (og) Framkvæmdastjórnin.
5. Við 26. gr.
  - a. Í stað orðsins „Bankastjórnin“ í 1. og 2. mgr. komi: Framkvæmdastjórnin.
  - b. Við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:  
Undirskrift tveggja bankastjóra þarf til að skuldbinda bankann. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Skal nánar kveðið á um umboð til skuldbindingar í reglugerð.
6. Á eftir 32. gr. komi ný gr., er verði 33. gr., svo hljóðandi:  
Alþingi kýs tvo endurskoðendur bankans til tveggja ára í senn. Endurskoðendur gefa skýrslu til bankaráðs og stjórnarráðs, er fylgja skal ársreikningum bankans. Bankaráð ákveður þóknun endurskoðenda.
7. Við 34. gr. Greinin orðist svo:  
Bankastjórar, bankaráðsmenn og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helzt, þótt látið sé af starfi.
8. Við 36. gr. Við greinina bætist:  
Í reglugerð skulu og sett fyrirmæli um lífeyrissjóð starfsmanna bankans.